

ur og eigi, að því er ráðgjafanum virðist, neitt skipt sjer af því, er skipið sýnir skilríki sín, þótt nokkuð af farminum eigi að fara á aðra höfn en skipið hefir fyrst leitað inn á, með því að í 2. grein í tilskip. 26. febr. 1872 er svo fyrir mælt með berum orðum, að þótt ekkert sje affermt á þeim stað, sem skipið sýnir fyrst skjöl sín, og allur farmurinn eigi að fara á aðra eða aðrar hafnir, eigi að greiða lögreglustjóranum þar gjaldið af öllum áfengum drykkjum, sem skipið hefir meðferðis, áður en skipaskjölunum er skilað aptur. Eptir þessum reglum á þá að greiða af skipinu Draxholm, sem hefir sýnt skjöl sín fyrst í Reykjavík, gjald samkvæmt lögum frá 11. febr. þ. á. af öllu því, sem það hafði meðferðis af áfengum drykkjum, eins og þjer, herra landshöfðingi, hafið sagt, þótt nokkuð af því ætti að fara til Hafnarfjarðar; en aptur á móti verður hitt skipið, Waldemar, sem sýndi skjöl sín fyrst í Hafnarfirði, að komast hjá hinu hækkaða gjaldi eptir tjeðum lögum, af þeim vörum líka, sem ætlaðar eru til Reykjavíkur, því að gjaldið á hvernig sem á stendur að taka eptir þeim reglum, sem gilda þar, sem skipið sýnir fyrst skilríki sín.

Að því er snertir spurninguna um, hvernig heimta eigi tóbakstollinn, verður ráðgjafinn að fallast á álit herra landshöfðingjans.

Þetta leiði jeg eigi hjá mjer að gefa yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegrar vitundar.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna og landfógetans um að*

5	ljósmæðrum í	Skaptafellssýslu,
7	—	- Rangárvallasýslu,
11	—	- Árnessýslu,
12	—	- Gullbringu- og Kjósarsýslu,
5	—	- Borgarfjarðarsýslu,
1	—	- Mýrasýslu,
2	—	- Snæfellsnessýslu,
1	—	- Dalasýslu,
1	—	- Barðastrandarsýslu,
4	—	- Ísafjarðarsýslu,
1	—	- Strandasýslu,
3	—	- Húnavatnssýslu,
2	—	- Skagafjarðarsýslu,
13	—	- Eyjafjarðarsýslu,
5	—	- Þingeyjarsýslu,
3	—	- Norður- og Suðurmúlasýslum,

alls 76 ljósmæðrum sje samkvæmt tillögum landlæknisins veittur 2 kr. 63 aura styrkur hverri, af þeim 200 kr., sem konungsbrjef frá 20. júní 1766, 3. gr. skipar, að útluta skuli árlega til allra ljósmæðra hjer á landi.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* kennslu heyrnar- og málleysingja. Ráðgjafinn fyrir Ísland hafði eptir tillögum landshöfðingja fengið samþykki kirkju- og kennslustjórnarinnar til þess, að stúlkubarninu Rebekku Sigurlínu Stefánsdóttur yrði veitt viðtaka í heyrnar- og málleysingjastofnunina í Khöfn, þótt hún væri kominn langt yfir inntökualdurinn, «ef það sje fast sótt»; en jafnframt hafði kirkju- og kennslustjórnin skýrt frá, að tjeð stofnun hafi vakið athygli á því,

75
30. júní.

76
1. júlí.

77
6. júlí.

77 að stúlkunni sjálfri mundi hentara, að henni væri komið fyrir hjá Páli presti Pálssyni, því
6. júlí. að hjá honum nemi hún íslenzku, en það geti hún ekki í Khöfn, og þar eigi hún auk þess við allt önnur kjör að búa og aðra umgengni en hún á hjér að venjast.

Þetta biður landshöfðingi amtmann að láta hlutaðeigendur vita, og brýna jafnframt rækilega fyrir þeim bendingu heyrnar- og málleysingjastofnunarinnar, «sem vissulega er á góðum rökum byggð», — áður en af ráðið sje að láta stúlkuna fara ntan.

Auglýsing

78 um, í hvaða fangelsi afbrotamenni egi að taka út hegningu sína.
10. júlí.

Eptir að búið er að koma upp fangelsum þeim í vestur-, norður- og austurum-
dæmunum og á Vestmannaeyjum, sem mælt var fyrir um í tilsk. 4. marz 1871, og eptir að ákveðið hefir verið í tilskipunum frá 11. febr. og 24. maí þ. á., að taka skuli út hegningu í þessum fangelsum frá 1. degi ágústm. þ. á., skulu samkv. 2. gr. tilsk. 4. marz 1871 hjer með gjörðar þessar ákvarðanir um það, úr hverjum þinghám skuli setja dæmda afbrotamenn í hvert einstakt fangelsi:

- Í fangelsið á Stykkishólmi skal setja afbrotamenn úr Mýra-, Hnappadals-, Snæfellsness- og Dalasýslu, úr Flateyjarhreppi í Barðastrandarsýslu og úr Broddanes- og Bøjarhreppum í Strandasýslu,
- — — á Ísafirði: úr öðrum hreppum Strandasýslu og Barðastrandarsýslu og úr Ísafjarðarkaupstað og Ísafjarðarsýslu,
- — — á Akureyri: úr Húnavatns, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum og úr Akureyrarkaupstað,
- — — Húsavík: úr Þingeyjarsýslu,
- — — í Eskiúrði: úr Norður- og Suðurmúlasýslum,
- — — á Vestmannaeyjum: afbrotamenn úr þessari þinghá.

Þegar til þess kemur að beita þessum ákvörðunum, verður að fara eptir því, hvar afbrotamaðurinn er, þá er hegninguna skal á hann leggja; og sje svo, að af sjerstaklegum ástæðum þyki kostnaðarminna að flytja fanga til annars fangahúss, en þess, sem hjer er til tekið, er það leyfilegt, með samþykki hlutaðeigandi amtmanns, og má lögreglustjóri sá, er stjórnar fangelsi, ekki neita að taka við neinum afbrotamanni, sem honum er sendur til að láta hann taka út hegningu, ef honum fylgja dómsgjörðir og önnur nægileg skilríki fyrir, að hann hafi unnið til hinnar tilteknu hegningar og að háyfiröldin hafi skipað fullnustugjörð hennar.

Fangelsin skulu þar að auki vera varðhaldsfangelsi fyrir þinghár þær, er þau eru í.

Samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 26. febr. þ. á. hefi jeg í dag gefið út erindisbrjef handa lögreglustjórum þeim, er samkvæmt 7. gr. tilsk. 4. marz 1871 skulu með yfirtilsjón amtmanns stjórna fangelsunum, og skulu reglur þær, er settar voru 24. júní 1874 fyrir fanga í fangelsi því, sem sameinað er hegningarhúsinu í Reykjavík, og prentaðar eru í Stjórnartíðindum 1874 B bls. 9, fyrst um sinn gilda fyrir alla fanga í fangelsum þeim, er nefnd eru í þessari auglýsingu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 10. júlí 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.